



Greiningar- og  
ráðgjafarstöð ríkisins

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 135/2818**  
**komudagur 19.5.2008**  
Kópavogur 15. maí 2008

Félagsmálanefnd Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda:

Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins fagnar framkomnum tillögum til þingsályktunar um framkvæmdaráætlun í málefnum innflytjenda og telur að með því sé stigið mikið framfaraskref í að aðstoða fjölskyldur af erlendum uppruna til þátttöku í íslensku samfélagi og auðvelda þeim aðgengi að ýmis konar þjónustu.

Á undanförunum árum börnum foreldra af erlendum uppruna, sem er vísað til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar vegna gruns um fötlun fjölgað verulega. Á síðustu þremur árum hefur í um 7% tilvísana verið um að ræða börn, þar sem báðir foreldrar eru af erlendum uppruna. Þetta svarar til um 20 barna á ári hverju, en til viðbótar er allnokkur hópur, þar sem annað foreldri er erlent. Greining og ráðgjöf verður um margt mun flóknari við þær aðstæður, það þarf að taka tillit til menningalegra þátta við mat á þroska og aðlögun og einnig getur þurft túlk við fyrirlagningu prófa. Þá þarf að huga sérstaklega að því að niðurstöður athugunar séu foreldrum aðgengilegar á þeirra tungumáli.

Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins hefur brugðist við þessari þróun m.a. með því að setja viðmiðunar og verklagsreglur um þýðingar- og túlkþjónustu á stofnuninni. Í samræmi við lið 5.5 mun stofnunin efla þetta enn frekar og fagnar því að gert er ráð fyrir þörf á auknu fjármagni. Stofnunin telur jafnframt að það þurfi að tryggja þessa þjónustu í öllu greiningarferli allt frá því að grunur um fötlun vaknar með samstarfi við frumgreiningaraðila í heilbrigðis- og menntakerfi.


Á sama hátt fagnar stofnunin lið 5.7 um námskeið fyrir túlka, þannig að þeim yrði gert unnt að vinna með sérhæfðan orðaforða og öðlist skilning á ólíkum fötlunum, þannig að rétt túlkun á faglegum niðurstöðum verði tryggð. Við gerum athugasemdir við áætlaðan tímaramma, og teljum að þurfi meiri undirbúning en til haustins til að hanna slíkt námskeið og beri að stefna að því á vormisseri 2009.

Varðandi lið 13.5 um upplýsingamiðlun til innflytjenda á vefsvæði Greiningarstöðvar er vakin athygli á að í þessum lið er gert ráð fyrir uppýsingum á erlendum tungumálum sem ekki eru þar á íslensku, en er að finna á heimasíðum annarra þjónustuaðila, svo sem svæðisskrifstofa, Tryggingastofnunar ríkisins, ráðuneyta og sveitarfélaga. Stofnunin telur eðlilegt að sami háttur verði á hvað varðar upplýsingar á erlendum tungumálum. Heimasíða stofnunarinnar yrði fyrst og fremst um hlutverk hennar og þjónustu, svo og með fræðslu um fatlanir barna, en tilvísun væri í aðrar heimasíður, þar sem ofangreindar upplýsingar væri að finna.

Varðandi lið 13.6 um þýðingar á greiningarskýrslum í lok greiningar, þá hefur því verið sinnt að nokkru leyti á undanförunum árum, en þá oft með útdrætti úr skýrslum. Íslenskum foreldrum eru afhentar allar greiningarskýrslur. Ef tryggja á að erlendir foreldrar fái sambærileg gögn á sínu máli er sá kostnaður umtalsverður og þarf að gera ráð fyrir honum í fjárveitingum. Varðandi lið 13.7, fagorðabanka, þá er stofnunin reiðubúin að taka að sér það hlutverk sem þar er lýst.

Greiningarstöðin fagnar sem fyrr segir þingsályktunartillögu þessari og mun kappkosta að fylgja vel eftir þeim atriðum, sem snerta starf með fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra.

Virðingarfyllst,

  
~~Stefán J. Hreiðarsson, forstöðumaður~~  
barnalæknir og sérfræðingur í fötlunum barna.